

Nr. 118.

214

28. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 3. maí 1976 nema kr. 17,67 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 3. maí 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 79/1974 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 3. maí 1976, skal greiða kr. 1,67 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 3. maí 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 3. maí 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 3. maí 1976.

Fjármálaráðuneytið, 28. apríl 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 119.

30. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimta innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.31 Sjúkrabifreiðar og snjóþbifreiðar.
- 87.02.38 Sjúkrabifreiðar sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
- 87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Þá skal eigi innheimta innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta toll-ívilnana skv. 27. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reiknað af tollverði (cifverði) ökutækis sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga og vera sem hér segir:

1. 75% af snjóþleðum í tnr. 87.02.32 og bifreiðum í jeppaflokki í tnr. 87.02.37 en frá og með 1. júlí 1976 90% af sömu vörum.
2. 25% af dráttarþbifreiðum í tnr. 87.01.20, almenningsþbifreiðum í tnr. 87.02.20 og vörubifreiðum að þurðarþoli 6 tonn og þar yfir í tnr. 87.02.33 og 87.02.34.
3. 50% af öllum öðrum bifreiðum og bifhjólum.

3. gr.

Við tollafgreiðslu atvinnubifreiða til leigubifreiðastjóra, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga að aðalstarfi, til öðukennara og af atvinnubifreiðum sendibifreiðastjóra, sem hafa akstur sendibifreiða að aðalstarfi, skal einungis innheimta í peningum 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, skal við tollafgreiðslu einungis innheimta í peningum 38% innflutningsgjald.

Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið, eftir því sem við á, eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

4. gr.

Um gjald samkvæmt reglugerð þessari af bifreiðum og bifhjólum, sem hafa verið teknar til tollmeðferðar fyrir birtingu reglugerðar þessarar, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, skal farið eftir eldri reglugerð nr. 63/1975 enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 15. maí 1976.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 63/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Ólafsson.